

atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kys eigi síðar en í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósenta og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skoramenn eftir starfsaldri. Þar sem svo háttar til að fleiri en ein kennslugrein eru saman í skor skal hver þeirra auk þess kjósa sér formann úr hópi prófessora, dósenta og lektora í greininni. Nýkjörnir skorarformenn og formenn greina taka til starfa við upphaf háskólaárs.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skyld er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skoramanna æskir þess. Skorarformaður boðar fundi bréflega með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækir eigi minna en helmingur atkvæðisbærra skoramanna. Gerðir skorafunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Verði ágreiningur á skorafundi getur skorarformaður eða formaður greinar skotið ágreiningsmálinu til úrskurðar deildar-ráðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. apríl 1991.

Svavar Gestsson.

Arni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Davíð Oddsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Jón Baldvin Hannibalsson fer með utanríkisráðuneytið.

Eiður Guðnason fer með umhverfissráðuneytið.

Fríðrik Sophusson fer með fjármálaráðuneytið.

Halldór Blöndal fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Jóhanna Sigurðardóttir fer með félagsmálaráðuneytið.

Jón Sigurðsson fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Ólafur G. Einarsson fer með menntamálaráðuneytið.

Sighvatur Björgvinsson fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Þorsteinn Pálsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 30. apríl 1991.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Benediktsson.